

orðið fyrir, eða nokkuð annað í því efni komið fram, en sjálf rjettarkrafan.

Málskostnað þar á móti fyrir undir- og yfirrjetti ber hinum stefnda að greiða til áfrýjanda eptir rjettarkröfu hans með 200 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi undirrjettardómur skal úr gildi numinn. Í málskostnað fyrir undir- og yfirrjetti ber hinum stefnda, Jakobi kaupmanni Helgasyni, að greiða áfrýjandanum, verzlunarhúsinu Örum & Wulff, 200 — tvö hundruð — krónur.

Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá því þessi dómur er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 11. októbermán.

Nr. 16/1886

Sigurður Jónsson,

Gísli Björnsson og

Ólafur Björnsson

gegn

kaupmanni M. Jóhannesen.

D ó m u r :

Tildrög og atvik máls þessa eru þau, er nú skal greina:

Með kaupsamningi, dagsettum í Reykjavík 2. júní f. á., selur hinn stefndi, kaupmaður M. Jóhannesen, samkvæmt umboði frá eigandanum, er átti heima í Noregi, þilskipið „Eyvind“ áfrýjendunum, Sigurði

Jónssyni, Gísla Björnssyni og Ólafi Björnssyni, með öllum áhöldum, er fylgdu skipinu, fyrir 5000 krónur, og átta helmingurinn af kaupverðinu, 2500 krónur, að lúkast innan 8. júnímán. f. á., en hinn helmingurinn, 2500 krónur, innan ágústmánaðarloka næst á eptir, og hvíldi greiðsluskuldbindingin á kaupendunum in solidum. Hinn fyrri helmingur kaupverðsins var greiddur á ákveðnum gjalddaga, og til tryggingar fyrir síðari helmingi kaupverðsins settu kaupendurnir veð. Kaupsamningurinn kveður svo á, að seljandi skuli ábyrgjast söluheimild fyrir skipinu, en að óhöpp þau, er kunnir að henda skipið eptir dagsetningu kaupsamningsins, skuli lenda á kaupendunum. Þeir bjuggu nú skipið út til fiskiveiða, og var því siglt til Vesturlandsins í þeim erindum. Hinn 23. júnímán. f. á. var það lagt upp á Önundarfirði, til þess að gjöra við stýrislykkjurnar á því. Þegar aðgjörðinni var lokið, og skipið var sett út aptur, var það svo lekt, að það var eigi sjófært, enda hafði partur af strákjöl skipsins losnað undan því, er það var lagt þar upp. Kaupendurnir ljetu nú gjöra við skipið, og telja þeir að aðgjörðin hafi kostað 1374 kr. 14 a.; ennfremur reikna þeir, að við lekann hafi salt og matvæli í skipinu spillzt og ónýtt svo að nemi 365 krónum; auk þess töldu þeir til skaðabóta fyrir að missa af gagni skipsins í fyrra sumar, að upphæð 1000 krónur. Kaupendurnir hafa farið því fram, að skaði sá og kostnaður, er þeir þannig hafi orðið fyrir, hafi orsakast af leyni-göllum, er verið hafi á skipinu, er þeir keyptu það, sjerstaklega af því, að það hafi verið saumsvikið, og að seljandinn fyrir þá skuld eigi að bæta þeim skaðann. Fyrir því neit-

uðu kaupendurnir að greiða eptirstöðvar kaupverðsins, 2500 krónur, er lúkast áttu innan loka ágústmánaðar f. á., og þegar seljandinn, kaupmaður M. Jóhannesen, lögsótti þá fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, til þess að fá þá með dómi skyldaða til að greiða honum fjárupphæð þessa, höfðuðu þeir gagnsök gegn honum, og kröfðust þeirra skadabóta, sem tilgreindar eru að framan. En með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, upp kveðnum 29. aprilmán. þ. á., voru kaupendurnir, Sigurður Jónsson og Gísli og Ólafur Björnssynir, einn fyrir alla og allir fyrir einn skyldaðir til að greiða kaupmanni M. Jóhannesen eptirstöðvar kaupverðsins fyrir skipið, 2500 krónur, með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en hinn síðastnefndi var sýknaður í gagnsóknarmálinu; ennfremur voru nokkur ummæli gagnsækendanna í varnar- og gagnsóknarskjölum þeirra dæmd dauð og ómerk, og þeir dæmdir til að greiða aðalsækjandanum málskostnað með 40 krónum.

Dómi þessum hafa þeir Sigurður Jónsson, Gísli Björnsson og Ólafur Björnsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. júní þ. á., og hafa þeir krafist þess hjer fyrir rjettinum, að dóminum verði breytt í þá átt, að hinn stefndi, Mattías Jóhannesen, verði dæmdur til, fyrir hönd umbjóðanda hans í Björgvin, að greiða áfrýendunum, eigendum skipsins „Eyvinds“, skadabætur fyrir tjón og skemmdir á salti og mat, er lekinn á skipinu hafi ollað þeim, að upphæð 365 krónur, endurgjald á kostnaði þeim, er aðgjörð skipsins hafði íför með sjer, að upphæð 1374 kr. 14 au., og allan kostnað málsins bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi með 150 krónum, eða einhverju nægilegu

eptir mati rjettarins. Hinn stefndi, kaupmaður Mattias Jóhannesen, krefst þess aptur á hinn bóginn, að hinn áfrýjadi dómur verði staðfestur, og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Áfrýendurnir byggja rjettarkröfur sínar á því, að stefndi hafi tjáð þeim skipið „Eyvind“ sterkt og gallalaust, er hann seldi þeim það, en að það þrátt fyrir þetta síðar hafi reynzt svo gallað, sjerstaklega að seymingunni til, að það hafi eigi verið sjófært; að gallar þessir hljóti að hafa verið á skipinu, áður en það var selt, þar sem að allir gamlir járn-naglar í skipinu hafi verið sundurjetnir af ryði, og kjölplankar skipsins og kjölurinn hálflaus við skipið sökum saumleysis; að áfrýendurnir hafi eigi getað sjeð þessa galla á skipinu, með því að koparlitur hafi verið dreginn yfir skipið, og að gallar þessir hafi verið, eða að minnsta kosti átt að vera, kunnir seljanda, og beri honum því að ábyrgjast þá; en af þessum göllum skipsins hafi beinlinis orsakazt kostnaður sá og tjón, er áfrýendurnir nú heimta bætur fyrir. Hinn stefndi hefur neitað því, að hann hafi tjáð áfrýendunum skipið „Eyvind“ gallalaust, er hann seldi þeim það, og er framsógn áfrýendanna hjer að lútandi ósönnuð gegn þessari neitun. Aptur er það viðurkennt af málsaðilum, að áfrýendunum hafi verið gefinn kostur á að skoða skipið eptir vild þeirra, áður en þeir festu kaup á því. Það hlaut og að vera áfrýendunum kunnugt, að hinn stefndi þekkti eigi skipið frekara eða betur en þeir, þar sem það ekki var hans eign, en hann að eins hafði umboð til að selja það; var það því hin frekasta hvöt fyrir þá,

til þess að rannsaka og skoða skipið sem itarlegast og grandgæflegast. Í samhljóðan við þetta er og kaupsamningurinn 2. júní f. á., að því leyti hann eigi kveður á um eiginlegleika eða kosti skipsins, nje leggur nokkra skuldbinding þar að lútandi á seljandann, en tekur það eitt fram, að seljandinn skuli ábyrgjast söluheimild. Eptir að áfrýendurnir höfðu skoðað skipið, svo sem þeim líkaði, og höfðu undirskrifað kaupsamninginn, greiddu þeir þegar helming kaupverðsins, og tóku skipið undir sín eignarumráð; þetta sýnir, að þeir þá voru ánægðir með kaupin, enda gjörðu þeir þetta án þess að áskilja sjer nokkurn frekari rjett gagnvart seljanda, en kaupsamningurinn hafði ákveðið, og verður því eigi litið öðruvísi á, en að þeir hafi keypt skipið, eins og það þá fyrir fannst, án þess að það hafi verið tilætlunin, að stefndi skyldi ábyrgjast galla á því, er síðar kynnu að koma í ljós; kaupendunum hafði gefizt kostur á, að ganga úr skugga um, hvort skipið var gallað eða eigi, og um aldur skipsins höfðu þeir fengið sanna skýrslu. Nú verður eigi sjed, að nokkrir gallar hafi komið í ljós á skipinu, fyr en búið var að sigla því suður á Vogavík, þaðan vestur á Önundarfjörð, og leggja það þar upp til þess að gjöra við stýrislykkjurnar, en ekki til þess að gjöra við þá galla á því, sem eru umtalsefni í máli þessu. Þegar þeirri aðgjörð var lokið, og skipið var aptur sett fram, kom það í ljós, að það var mjög lekt, og tjá áfrýendurnir, að leki sá hafi orsakazt af því, að skipið hafi verið saumsvikið, ɔ: saumurinn í því sundurjetinn af ryði, og jafnvel troðið hampi í naglagötin. En það er eigi sannað gegn mótmælum stefnda, að aðal- eða einka-orsökin til lekans á skipinu hafi verið

saumleysi, með því að meðferðin á skipinu þann þriggja vikna tíma, er liðinn var frá afhendingu þess, gat átt þátt því, að það yrði lekt, en um það, hvernig með það hafi verið farið, er ekkert upplýst í málinu, og hafi skipið verið illa seymt eða saumsvikið, þá var það einmitt og sjerstaklega eitt af því, er kaupendur þess áttu að athuga, og sem þeim gafst kostur á að athuga, áður en þeir keyptu skipið, og má því fremur búast við, að þeir hafi rannsakað seymingu skipsins, sem málskjölin bera það með sjer, að einn þeirra er járnsmiður. Það verður því ekki álitid, að þeir eigi lögheimilaða skaðabótakröfu á hendur stefnda út af óhappi því, er skipið varð fyrir, og er þetta samkvæmt niðurlagsákvæði kaupsamningsins 2. júní f. á., en þá geta þeir eigi heldur skorazt undan að greiða eptirstöðvar skipsverðsins, 2500 krónur, samkvæmt kröfu stefnda. Það ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn bæði að því er snertir sakarefnið og málskostnað, en eptir atvikum virðist málskostnaður fyrir yfirdómi eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.